



Þinggerð 3. Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga

Haldið á Ísafirði 5. og 6. október 2018

Þinggerð Haustþings 2018

Föstudaginn 5. október og laugardaginn 6. október 2018, var samkvæmt samþykktum haldið 3. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Sigurður Hreinsson varaformaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna og bar kveðju frá formanni Pétri G Markan sem er í fæðingarolofi. Gerði hann að tillögu að þingforseti yrði Nanný Arna Guðmundsdóttir sveitarstjórnamaður í Ísafjarðarbæ og var það samþykkt einróma. Þingforseti tók síðan við stjórnun þingsins.

Þingforseti þakkaði auðsýnt traust og kom með tillögu að varaþingforseti þingsins yrði Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað og var það samþykkt einróma. Óskaði hún síðan nýju sveitarstjórnarfólki til hamingju með hið nýja og ábyrgðarmikla hlutverk. Þingforseti gerð tillögu þess efnis að þingritarar yrðu starfsmenn Vestfjarðastofu, var það samþykkt og tóku ritarar strax til starfa

Kom hann með tillögur að í Kjörnefnd sætu:

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Marzelius Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ
Berglind Eir Egilsdóttir, Tálknafjarðahreppi
Tillagan samþykkt.

Kom hann með tillögur að í Kjörbréfanefnd sætu:

Jón Gísli Jónsson Strandabyggð, formaður
Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ
Þórkatla Ólafsdóttir, Vesturbyggð
Var tillagan samþykkt og tók kjörnefnd strax til starfa.

Þingforseti gerði það síðan að tillögu að í Fjárhagsnefnd sætu:

Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, formaður
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Gerður Björk Sveinsdóttir, Vesturbyggð
Tillagan samþykkt

Þingforseti gerði það svo að tillögu að í Fjórðungsmálanefnd sætu:

Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ, formaður
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvíkurkaupstað
Ingólfur Árni Haraldsson Kaldrananeshreppi
Tillagan samþykkt

Þingforseti gerði það að tillögu að í Allsherjarnefnd sætu:

Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð, formaður

Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppur

Aron Guðmundsson, Ísafjarðarbæ

Tillagan samþykkt

1. Ávarp formanns

Sigurður Hreinsson varaformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga ræddi um undirbúning stofnunar Vestfjarðarstofu og hvernig unnið hefði verið á þessu ári að uppbyggingu starfsseminnar og sameiningu starfsemi Fjórðungssambandsins og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Fyrir þinginu liggja síðan fyrir að formgera þessa sameiningu og hvert hennar hlutverk verður til framtíðar samkvæmt stofnsamþykktum. Sigurður ræddi síðan um stærstu viðfangsefni dagsins sem eru samgöngur og atvinnuuppbygging. Þar væru málefni fiskeldis efst á baugi og þá miklu andstöðu sem það hefur mætt í fjölmiðlum og í samfélagsumræðunni. Mikilvægt væri að horfa til framtíðar í þessum efnum og innan dagskrár þingsins hefði verið boðað til sviðsmyndarverkstæðis þar sem fulltrúum úr atvinnulífi, stofnunum og frjálsra félagasamtaka væri boðið til að vinna með sveitarstjórnarfulltrúm. Að lokum þakkar hann fráfarandi stjórn fyrir gott starf ásamt því að þakka formanni fyrir hans störf fyrir sambandið. Vísast til þingskjals nr. 3.

2. Ávörp gesta

Teitur Björn Einarsson ávarpaði þingið og þakkaði fyrir boðið á þingið sem starfandi 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis í fjarveru Haraldar Benediktssonar.

Talar um þá stöðu sem komin er upp á Vestfjörðum og þær orustur sem þarf að heyja í tengslum við atvinnuuppbyggingu. Hrósar fólki í Árneshreppi fyrir að standa fast á sínu í umdeildu máli. Sama er ekki upp á teningnum í Reykhólahreppi, þar eru komin upp mál sem orka jafnvel tímælis og sér ekki fyrir endann á því. Hann tók síðan til umræðu stöðu fiskeldis og þá stöðu sem þar er komin upp. Þar sem fyrirtæki í fiskeldi á Vestfjörðum hafa staðið í ströngu og verið svift bæði rekstrarleyfi ásamt starfsleyfi. Með þessu telur hann að ríkistjórn landsins standi frammi fyrir miklum vanda sem ekki er séð fyrir hvernig munu þróast. Gildi og mikilvægi fiskvinnslu og fiskeldis hefur mjög mikla þýðingu fyrir efnahag þjóðarinnar. Helsti vöxtur í auðlindanýtingu kemur frá í fiskeldi að hans mati. Sveitastjórnir og þingmenn kjördæmisins standa frammi fyrir mikilli áskorun um hvernig meðferð þessara mála vindur fram og hvernig þeir bregðast við því. Lögjafinn þarf með einhverjum hætti að stíga inn í og taka af öll tvímæli um hvernig þessum málum skuli háttað. Vinna þarf að markvissari regluverki fyrir fiskeldi. Með úrskurði nefndar um umhverfis og auðlindamál er komin vísir að því að stjórnvöldu séu að breyta um eðlilega stefnu í auðlindanýtingu. Að nýta náttúruauðlindir með eðlilegum hætti hefur verið stefna Íslendinga í gegnum tíðina en með þessum úrskurði sem vitnað er í hér að framan er þessi stefna sett á haus. Kemur inná hversu faliðaðir Vestfirðinga hafa verið í þessari

baráttu lítill stuðningur fá öðrum á landinu t.d. öðrum fyrirtækjum, þingmönnum og verkalyðshreyfingunni. Hann þakkar fyrir að fá að ávarpa þingið og flytur kveðjur frá Haraldi Benediktssyni 1. þingmanni.

Karl Björnsson Framkvæmdarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ávarpaði þingið og þakkaði fyrir boðið á þingið og fjallaði um að sambandið vil styðja við allar þær breytingar sem eru framundan og beita sér í þeim málum sem komið hafa upp varðandi fiskeldið. Fer yfir þátttöku í svitastjórnarkosningum frá 1950-2018 og þróun hennar ásamt kynjahlutföll. Hann fer yfir skipurit sambandsins. Fjallar einnig um landsþing sambandsins 2018. Kynnir nýja stjórn sambandsins, fer yfir starf sambandsins og samband þess við ríkið. Rekur fjármálastöðu, þróun hagvaxtar, endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna, samskipti sveitarfélagana við ríkið og nauðsyn þess að eflingu sveitastjórnarstigisins. Stöðu sveitarfélagana skuldir og stöðu þeirra. Fjallar um nýja byggðaáætlun, finnst hún vera mjög jákvæð og bindur miklar vonir við hana. Stikklar á stóru hvað felst í byggðaáætlun og sóknaráætlun Vestfjarða 2018 sem ekki verður framkvæmd nema í góðu og markvissu samstarfi við sveitarfélögin.

Að öðru leyti vísast til kynningarglæra sem fylgja sem viðauki við þingerð.

3. Dagskrárliður þingsins: Fjárhags-og starfsáætlun 2019

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir kynnti sig nýja í starfi sem framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og fjárhagsáætlun sem nú verður að megninu til í höndum Vestfjarðastofu í samræmi við tillögu um Fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu 2019. Fjóðrúngssamband Vestfirðinga mótar stefnu með sínu þingum en Vestfjarðastofa rekur skrifstofa þess og er tæki í að framkvæma vilja sambandsins. Nánar yrði fjallað um starfsáætlun undir 4. lið dagskrár.

Sigríður lagði fram þingskjal nr 5. Fjárhagsáætlun 2019 VFS og FV

Sigríður lagði fram þingskjal nr 6 Framlög sveitarfélaga (Árstíllag sveitarfélaga)

Þingforseti gaf orðið laust um um þingskjal 5 og 6

Ekki tóku fleiri til máls og þingforseti gerði tillögu um að þingskjal 4 og 6 yrði vísað til Fjárhagsnendar. Tillagan samþykkt einróma.

4. Dagskrárliður: Mál þingsins lögð fram

Vestfjarðastofa & Fjóðrúngssamband Vestfirðinga -starfstilhögun

Sigríður lagði fram þingskjal 5 a Minnisblað; Umhverfisvottun sveitarfélaga. Fjallaði þar um framtíð verkefnisins og aukna aðild sveitarfélaganna að því.

Sigríður lagði fram þingskjal 5 b Starfsáætlun og skýringar við fjárhagsáætlun Fjóðrúngssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu 2019.

Samrunaferli á verkefnum FV og Atvest væri nú í miðjum klíðum og yrði að vinnast samhliða og unnið væri að þeim stóru verkefnum sem Fjórðungssambandið væri að fela Vestfjarðastofu.

Jón Páll Hreinsson tók við fundarstjórn og gaf orðið laust

Tóku til máls: Aðalsteinn Óskarsson. – Benti á að stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016-2018 lægi frammi á www.vestfirdir.is

Arna Lára Jónsdóttir minnti á að fyrirtæki hafi ekki verið að nýta sér umhverfissvottun sem tæki í sinni starfsemi og hvatti til framhalds og að beita því meira.

Lilja Rafney benti á tækifæri með þeim fjármunum sem sett hafa verið inn í aðgerðaráætlunar ríkisstjórnar um aðgerðir gegn loftslagsvá.

Þingforseti gerði tillögu um að vísa máli 5a og 5b til fjárhagsnefndar og til allsherjarnefndar.

Tillagan samþykkt einróma.

Sigríður lagði fram þingskjal 19 Tillaga um þóknun til stjórnar FV. Tillagan felur í sér breytt fyrirkomulag þar sem nú verði eingöngu greitt fyrir fundi er varða málefni FV en ekki fastar mánaðarlegar greiðslur. Tilagana er í samræmi við stjórnarlaun Vestfjarðastofu.

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti gerði tillögu um að þingskjali 19, væri vísað til fjárhagsnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigríður lagði fram þingskjal nr 18 greinargerð um FV og Vestfjarðastofu, þingskjal 20 Samningur um rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingskjal nr 21, Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Sigríður kynnti að hér væri leitað til þingsins um að taka afstöðu til formgerðar á samskiptum FV og Vestfjarðastofu ses.

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti gerði tillögu um að þingskjali 18., 20 og 21 væri vísað til fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður Hreinsson, lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 7, Ályktun um samgöngumál. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Fjórðungsmálanefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 8 Fræðslumál. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 9 Efling rannsókna, skipulags og eftirlits með fiskeldi á Vestfjörðum. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs

og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 10 Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögur eru almenningsamgöngur. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Fjórðungsmálanefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 11, Almenningsamgöngur Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Fjórðungsmálanefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 12 Réttlát skipting skatttekna og nýtt vinnulag í samskiptum fjárlaganefndar, ráðneyta, landshlutasamtaka sveitarfélaga og sveitarfélaga. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 13 um Landbúnaðarmál. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Fjórðungsmálanefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 14 um orkumál. Orðið var gefið laust, þingið samþykkti að vísa því til fjórðungsmálanefndar.

Sigurður lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 15. Veidigjöld. Þingforseti gaf orðið laust.

Baldur Smári Einarsson boðaði að hann myndi leggja til viðauka við tillöguna og vísað til stöðu minni og meðalstóra útgerða á Vestjörðum og áhrif veiðigjalda á þær.

Lilja Rafney Magnúsdóttir tók til máls og benti á að styðjast þurfi við rauntölur af svæðinu fremur en meðatal allra útgerða. Hún lýsti því að nýtt frumvarp væri næmt á stöðu fyrirtækja í rauntíma.

Teitur Björn Einarsson vildi taka fram að allar útgerðir eigi við vanda að stríða þar sem hagnaður er að dragast saman.

Þingforseti gerði tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Þingið samþykkti að vísa málinu til allsherjarnefndar.

Sigurður Hreinsson lagði tillögu stjórnar FV fram í þingskjali 16 og 16a. Ályktun um niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Fundarstjóri bauð þingfulltrúm að leggja fram eigin tillögur til að senda sem ályktun frá þinginu.

Arna Lára Jónsdóttir mælti fyrir tillögu um ályktun sem varðar fjármagn til að reka Jöfnunarjóð. Það verður lagt fram sem þingskjal 17. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Daníel Jakobsson hvatti stjórn Fjórðungssambandsins til þess að taka fundarsköp til athugunar og mæltist til þess að tillögur yrðu að vera skriflegar til þingsins.

Aðalsteinn Óskarsson mælti fyrir þingskjali 22 og varðar fjölgun í rágjafahópi Hafrannsóknastofunar. Mælt er til þess að fulltrúi sveitarfélaga fái setu í þeim hópi, ekki síst vegna vaxandi vægis fiskeldis. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigrður Hreinsson lagði fram tillögu sem þingskjal 23 Rækjuklasi. um stjórnun á veiðim innfjarðarrækju yrði færð heim í hérað. Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði þingforseti þá tillögu um þingskjalnu væri vísað til Allsherjarnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Sigurður Hreinsson lagði þvínæst fram tillögu á þingskjali 24, um að leggja þjóðveg um Laxárdalsheiði og göng um Bröttubrekku. Tillagan er í samræmi við tillögu sveitarfélaga á Vesturlandi. Enginn kvaddi sér hljóðs og þingið samykkti að vísa málinu til fjórðungsmálanefndar.

Sigurður Hreinsson mælti með tillögu til þingsályktunar 24, um að stofuð verðir rannsóknastöð um rækju á Vestfjörðum

5. Skýrsla samgöngu og fjarskiptanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Sigurður Hreinsson vara-formaður fór yfir helstu atriði skýrslunnar og vísast til gagna þingsins. Einnig ræddi Sigurður Hreinsson um forgansröðun í vegaáætlun og hvatti sveitarfélög á Vestfjörðum til að standa með Reykhólahreppi um vegalagningu um sveitarfélagið. Rakti hann að ekki sé séð fyrir endann á lagningu vega um Árneshrepp og Dynjandisheiði. Vanti einnig fé til að laga einbreitt slitlag og einbreiðar brýr í fjórðungnum.

Sigurður þakkaði fyrir samstarf í samgöngu- og fjarskiptanefnd og hvatti Vestfirðinga til að standa á sínu.

Nú var gert hádegishlé, kl 12.45

Þingið sett að nýju 13.30.

Þingforseti setti þingið að nýju og gaf formanni kjörbréfanefndar orðið.

Jón Gísli Jónsson, formaður gerði grein fyrir niðurstöðum kjörbréfa.

Niðurstaða nefndarinnar er sem hér segir:

Var mætt fyrir 9251,8 atkvæði af 9,694 atkvæðum eða um 95,44% mæting. Öll sveitarfélög fullnýttu atkvæði sín fyrir utan Árneshrepp en þaðan mætti enginn. Vantaði einnig umboð frá einum aðila í Súðavíkurbæ. Önnur kjörbréf voru gild.

Þingforseti bar upp niðurstöðu kjörbréfanefndar til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

Þingforseti gaf formanni kjörnefndar Örnú Láru Jónsdóttir orðið. Arna Lára kynnti fyrirkomulag á störfum kjörnefndar, óskaði hún eftir að þingfulltrúar með kjörgengi gerðu kjörnefnd viðvart um áhuga sinn fyrir formennsku stjórnar, setu í stjórnnum og nefndum á vegum Fjórðungssambandsins. Hún hafi óskað eftir við þingforseta að í dagskrá þingsins á morgun yrði gefið færi á að frambjóðendur, þ.e. ef fleiri en eitt framboð bærst, gætu kynnt sig áður til kosninga kæmi.

Þingforseti gerði tillögu um frestun þings til kl 9.45, 6. október n.k. en fyrsta mál á dagskrá yrði kynning frambjóðenda. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þinghlé kl. 14:00

Þingforseti kynnti að í þinghléi færi fram vinna við sviðmyndaverkstæði, Vestfirðir 2035 og til þeirrar vinnu með þingfulltrúum væri boðið fulltrúum úr atvinnulífi og menningu. Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdstjóri bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna og kynnti fyrirkomulag sviðmyndaverkstæðisins, vísast til gagna þingsins. Til að leiða þá vinnu væru komnir Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson ráðgjafar frá Framtíðarsetri Íslands, sem hefði tengsl við Nýsköpunarmiðstöð og við KPMG.

Þingið sett að nýju 5. október kl 17.00

Þingforseti kynnti að þingfulltrúar hefðu óskað eftir að þingið komi saman að nýju, vegna fréttu nú síðdegis, af nýjum úrskurði Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál *nr 141, 2018, 3, 4, 5, 6 og 12/2018 Beiðni um frestun réttaráhrifa fiskeldi, frestun réttaráhrifa úrskurðar, frávísun*

Sigríður Ó Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu kynnti drög að tillögu að ályktun, rætt um efni ályktunarinnar og eftirfarandi ályktun var borin undir þingið.

Örlogadagur fyrir Vestfirði og Ísland!

Það er áfall fyrir Vestfirði og þjóðarbúið í heild að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi hafnað beiðni fyrirtækjanna Arnalax (Fjarðarlax) og Arctic Fish (Arctic Sea Farm) um frestun réttaráhrifa og felld úr gildi rekstrarleyfi fyrirtækja í fullum rekstri. Vestfirðingar eru reiðir og setta sig ekki lengur við við úrræðaleyfi og getuleysi kerfisins.

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga krefst þess að Alþingi og ríkisstjórn grípi tafarlaust inn í þá atburðarrás sem úrskurður nefndarinnar hefur sett af stað og tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll þeirra fiskeldisfyrirtækja sem byggt hafa upp starfsemi sína

á Vestfjörðum. Störf og lífsafkoma 300 manns er í bráðri hættu. Fiskeldi á Vestfjörðum er nú þegar orðin burðarás í samfélaginu og mun þessi atburðarás, ef ekkert verður að gert, hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir Vestfirði og samfélagið þar til frambúðar.

Tillagan borinn upp og samþykkt einróma.

Þingforseti gerði tillögu um að fresta þingi að nýju og tillagan samþykkt einróma. Þingi frestað kl 17.15

Laugardagur 6. október 2018

Þingforseti setti þingið að nýju kl 12.30.

Þingforseti gaf Þorgeiri Pálssyni, formaður fjárhagsnefndar orðið og kynnti hann niðurstöðu nefndarinnar.

1. Tillaga um umhverfissvottun, samkvæmt þingskjali 25 áður þingskjal 5a
2. Tillaga um greiðslu árstíllags, samkvæmt þingskjali 26, áður þingskjal 6
3. Fjárhags- og rekstraráætlun Vestfjarðastofu og FV, samkvæmt þingskjali 27 áður þingskjal 5b

Niðurstaða nefndarinnar er sem hér segir

1. Fyrir liggur samþykkt alsherjarnefndar að halda áfram vinnu við umhverfissvottun. Að auki liggur fyrir tillaga um hækkun framlaga sveitarfélag til þeirrar vinnu í 4 milljónir á ári. Nefndin leggur til að tillagan samkvæmt þingskjali verði samþykkt óbreytt, sjá nýtt þingskjal 25.
2. Tillaga um árstíllag. Hér er farin sú leið að aðskilja annars vegar atvinnulífs/verkefnatengdar greiðslur og hins vegar lífeyrissjóðsskuldbindingar. Nefndin telur þetta rökrétt framsetningu enda er þarna annars vegar um að ræða fastar greiðslur til starfseminnar og hinn vegar greiðslur á lífeyrisskuldbindingum þar sem tímarammi er ekki ljós. Nefndin leggur til að þetta fyrirkomulag verði samþykkt óbreytt samkvæmt þingskjali, sjá nýtt þingskjal 26
3. Í fyrstu virðist þau gögn sem lögð voru fram illskiljanleg, en þegar grannt er skoðað er þetta nokkuð skýrt. Við skulum lík hafa í huga að þarna er verið að sameina starfsemi, keyra saman ólík hlutverk og verkvið og það er rétt að gefa þeirri samkeyrslu tíma og skilning. Hins vegar vill nefndin benda forsvarsmönnum V og FV á, að einmitt við þær aðstæður er mikilvægt að öll framsetning sé einföld og skýr. Þótti okkur sem nokkuð vantaði á það í gær, þegar verkefni voru kynnt samhliða tilvísun í þessar áætlanir.

Áætlanirnar sýna að þarna er verið að færa starfsemi FV að miklu leyti yfir til Vestfjarðastofu, nema þau verkefni FV sem bundin eru lögum eða fastsettum ramma

stjórnvalda og eins þau verkefni sem eru hluti af samningum við Vestfjarðastofu og aðra. Nefndin leggur til að þessar áætlanir verði samþykktar samkvæmt þingkjöllum, sjá þingskjal 27

Þingforseti opnaði umræðu um þingskjal 25. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Lagðar fram tillögur fjárhagsnefndar þingskjöl 26 og 27. Bornar upp og samþykktar einróma.

Þingforseti gaf Daníeli Jakobssyni, formanni Fjórðungsmálanefndar orðið.

Þingskjal 24, heldur óbreyttu númeri. Tillaga um breytingu á hringvegi 1 um Búðardal, vísað til stjórnar.

Þingskjal 28 áður þingskjal Breyting á niðurlagi tillögu um almenningssamgöngur er varðar fjárhæð og orðalag um þjónustusvæði breytt.

Þingskjal 29, áður þingskjal 14 Breyting á niðurlagi tillögu um orkumál. . Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 30 áður á þingskjali nr 7. Samgöngumál. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 31 áður þingskjal nr 11 Almenningsamgöngur. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 32 Tillaga áður þingskjal nr 13. Landbúnaðarmál. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 33 Tillaga áður þingskjal 10. Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögur eru almenningssamgöngur. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Daníel Jakobsson kvaddi sér hljóðs og skýrði að Gjögur væri tekin út og Þingeyri sett í staðinn og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 34 Tillaga áður þingskjal nr 22. Hagkvæmniathugun Holtavörðuheidi. Þingforseti kynnti tillögu um að vísa tillögunni til stjórnar til umfjöllunar. Þingforseti gaf orðið laust, Sigurður Hreinsson, tók til máls og kynnti að hann sem flutningsmaður tillögunnar gerði ekki athugasemd við tillögu nefndarinnar. Þingforseti bar tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf nú formanni allsherjarnefndar orðið að kynna nefndarálit Allsherjarnefndar.

Ingibjörg Benediktsdóttir, formaður Allsherjarnefnar fór yfir efni breytinga á tillögum nefndarinnar.

Tillaga á þingskjali 25 áður þingskjal 5a. Umhverfissvottun. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga á 35 þingskjali áður þingskjal 8. Fræðslumál. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali 36 áður þingskjal 12b. Um réttláta skiptingu skatttekna. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 37 áður þingskjal 15. Veidigjöld. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna. Baldur Smári Einarsson lagði fram breytinguartillögu.

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 lýsir miklum áhyggjum af áhrifum veiðigjalda á litlar og meðalstórar útgerðir sem eiga nú margar í verulegum rekstrarerfiðleikum.

Á síðasta ári greiddu vestfirskar útgerðir yfir 900 m.kr. í veiðigjöld og þrefalduðust þau frá fyrra ári á sama tíma og afkoman dróst saman um 80%. Þetta hefur sérstaklega slæm áhrif á útgerðir sem eingöngu mega stunda krókaveiðar, en rekstrargrundvöllur þeirra er annar en þeirra útgerða sem stunda t.a.m. togveiðar.

Það er óumdeilt að sjávarútvegur er burðarásinn í flestum samfélögum á Vestfjörðum. Áhrif stóraukinna veiðigjalda eru augljós og mun leiða til fækkunar starfa, minni veltu og samdráttar í atvinnulífinu á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfjarða krefst þess að sjávarútvegsráðherra og stjórnvöld beiti sér fyrir því að veiðigjöld á litlar og meðalstórar útgerðir verði lækkuð og leiðrétti jafnframt rekstrargrundvöll útgerða í krókaafلامarki þannig að veiðigjöld endurspegli afkomu þeirra.

Hann kynnti hvernig veiðigjöld skiptast niðuri á sveitarfélög, að meðaltali hækkar veiðigjöld um 220 % á milli ára. Þingforseti bar upp breytingartillögu. Tillagan samþykkt samhljóða og kemur í stað tillögu á þingskjali nr 36.

Tillaga á þingskjali 38 áður þingskjal nr 17 um Jöfnunarsjóð. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá. Þingforseti gaf orðið laust. Til máls tók Ingibjörg Benediksdóttir. Tillagan borinn upp samþykkt með meginþorra atkvæða, einn var á móti.

Tillaga á þingskjal nr 18, Rækjuklasi.. Tillaga er um að vísa tillögunni til útfærslu stjórnar. Þingforseti . Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga á þingskjali 39 áður þingskjal 22, fjölgun í ráðgjafaráð Hafrannsóknarstofnunar. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Þingforseti gaf Örnú Láru Jónsdóttir, orðið.

Arna Lára Jónsdóttir, kynnti tillögu að stjórn Fjórðungsambands Vestfirðinga. sem hér segir.

Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ
Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð
Kristján J Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstað
Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ

Tillagan samþykkt með lófataki.

Tillaga um varastjórn

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbær
Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjörður
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbær
Steinn Ingi Kjartansson, Súðavíkurhreppi

Tillaga samþykkt með lófataki.

Tillaga um formann

Hafdís Gunnarsdóttir, Ísafjarðarbæ

Tillagan samþykkt með lófataki.

Lögð fram tillaga að endurskoðanda, Guðmundur E Kjartansson.

Tillagan samþykkt með lófataki.

Tillaga um heilbrigðisnefnd Vestfjarða,

Aðalfulltrúar

- Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafjarðarbær
- Kristján G. Jóakimsson, Ísafjarðarbær
- Sólrún Geirsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
- Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppur
- Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjörður

Varafulltrúar:

- Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbær
- Hildur Halldórsdóttir, Ísafjarðarbær
- Hildur Elísabet Pétursdóttir, Ísafjarðarbær
- María Ósk Óskarsdóttir, Vesturbyggð
- Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppur

samþykkt samhljóða með lófataki.

Tillaga um samgöngunefnd FV. Lögð fram tillaga um fimm aðalmenn og fimm til vara.

Aðalfulltrúar:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjörður
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð
Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
Sigurður J. Hreinsson, Ísafjarðarbær
Steinn Ingi Kjartansson, Súðavíkurhreppur

Til vara

Karl Kristjánsson, Reykhólahreppur
Aðalbjörg Sigurvaldadóttir, Strandabyggð
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík
Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbær
Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbær

Kjörnefnd leggur einnig til að Iða Marsibil Jónsdóttir, verði formaður nefndarinnar. Aðalsteinn Óskarsson gerði grein fyrir þeirri hefð að stjórn FV veldi formann úr sínum röðum. Þingforseti bar tillöguna í heild. Tillagan samþykkt með lófataki.

Kjörnefnd lagði einnig til staðfestingu á tilnefningu stjórnar FV um fulltrúa í stjórn Menntaskólans á Ísafirði.

Aðalfulltrúar

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Karl Kristján Ásgeirsson

Varafulltrúar

Jóna Guðmunda Hreinsdóttir
Steinn Kjartansson

Tillagan samþykkt með lófataki.

Þingforseti kynnti að þrjú þingskjöl hefðu ekki komið fram úr starfi nefnda þingsins. Þingskjal 38 áður þingskjal 17, Tillaga um þóknun til stjórnar. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 39 áður þingskjal 18, Samningur um rekstur skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 40 áður þingskjal 19. Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillögu um að þingforseta og riturum yrði falið að ganga frá þinggerð.

Þingforseti gaf nú nýkjörnum formanni Hafdísí Gunnarsdóttur orðið.

Nýr formaður þakkaði þinginu fyrir það traust með kosningu hennar sem formanns Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þingið hefði verði starfsamt og færir stjórn og starfsmönnum margþætt verkefni á komandi starfsári. En síðan væri sú grafalvarlegra staða sem komin væri upp í atvinnulífi og samfélögum á Vestfjörðum með svifingu rekstrar og starfsleyfa fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum. Því blasa við ærin verkefnin fyrir nýja stjórn, sem þarf að koma saman og stilla saman sína strengi. Formaður þakkaði þingfulltúum, gestum og starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir gott og starfsamt þing og sviðsmyndaverkstæði, óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit 3. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga, kl 13.45.

Þingskjal 1.

DAGSKRÁ

Föstudagur 5. október

09:30 Afhending gagna og morgunmatur

10:00 Þingsetning – Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörnefndar

Kosning kjörbréfanefndar afgreiðsla kjörbréfa

Kosning fjárhagsnefndar

10:15 Ávarp formanns

10:30 Ávarp gesta

Teitur Einarsson þingmaður

Karl Björnsson Samband íslenskra sveitarfélaga

11:00 Fjárhags-og starfsáætlun 2019

11:30 Vestfjarðastofa & Fjórðungssamband Vestfirðinga -starfstilhögun

12:30 Skýrsla formanns samgöngu- og fjarskiptanefndar

12.45 Hádegismatur

13:15 Nefndarstörf & frestun þings

14.00 Sviðsmyndaverkstæði

17:30 HLÉ

19.00 Kvöldverður

Laugardagur 6. október

10.00 Sviðsmyndaverkstæði -frh.

12:00 Hádegisverður

13.00 Afgreiðsla mála Kosning fimm aðalstjórnarmanna

Kosning formanns úr hópi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Kosning fimm varastjórnarmanna

Kosning löggilts endurskoðenda

Kosning fimm fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Kosning fimm fulltrúa í fastanefnd um samgöngumál

Kosning í stjórn Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

Staðfesting á tilnefningu í stjórn MÍ

14:00 Þingslit

14.15 Aukaaðalfundur – Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Þingskjal 2

Atkvæðavægi sveitarfélaga á Haustþingi Vestfirðinga

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2018

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Grunnatkvæði	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv
Reykhólahreppur	275	300,0	575	5,93%
Vesturbyggð	1024	300,0	1.324	13,66%
Tálknafjarðarhreppur	244	300,0	544	5,61%
Bolungarvíkurkaupstaður	945	300,0	1.245	12,84%
Ísafjarðarbær	3707	300,0	4.007	41,33%
Súðavíkurhreppur	196	300,0	496	5,12%
Árneshreppur	43	300,0	343	3,54%
Kaldraneshreppur	109	300,0	409	4,22%
Strandabyggð	451	300,0	751	7,75%
Samtals	6.994		9.694	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga: 9

Ísafirði 21. sept. 2018

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsþing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsþing eru aðal sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnæ vara til setu á Fjórðungsþingi.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist atkvæði. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár h

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssam Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds. Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsþing

Þingskjal 3

Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðapróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing skal kallað saman árlega, eigi síðar en í maí. Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Haustþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum skal haldið í september mánuði ár hvert sbr. 10. gr.

Aukapting skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukapting haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

Á fjórðungsþingi, sem haldið er á kosningarári til sveitarstjórna skal fresta kosningum til haustþings sbr. 5. gr. og 8. gr.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsþing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsþing eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungsþingi.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds. Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsþing

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Á fyrsta Fjórðungsþingi (haustþingi) eftir sveitarstjórnarkosningar skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræður framkvæmdastjóra sambandsins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu sambandsins forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á Fjórðungspingi, haustþingi og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Hann skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungspingi. Framkvæmdastjóri ræður aðra fastráðna starfsmenn sambandsins í samráði við stjórn, markar starfssvið þeirra og gerir við þá ráðningarsamninga, eftir því sem við á.

7. gr. Ársreikningur

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

8. gr. Dagskrá Fjórðungspings

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og endurskoðaða fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping. Á dagskrá Fjórðungspings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

9. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, *Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti* og *Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða*. Á

Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir; í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins. Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða skulu kjörnir níu fulltrúar og níu til vara, allt að fjórir aðalfulltrúar komi úr hópi aðal- og eða varafulltrúa í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og aðrir aðalfulltrúar úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum. Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsþing kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

10. gr. Haustþing

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal halda haustþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum í september mánuði ár hvert. Á haustþingið hafa kjörgengi fulltrúar sveitarfélaganna samkvæmt 3. grein samþykkt þessara. Stjórn Fjórðungssambandsins er heimilt að bjóða til haustþingsins aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, með málfrelsi og tillögurétt. Haustþingið getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls. Á haustþingi skal leggja fram fjárhagsáætlun og starfsáætlun sambandsins fyrir komandi ár.

11. gr. Kostnaður

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknanir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungsþingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

12. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gilda atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

13. gr. Um aðild og úrsögn

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsþing og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild. Ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir Fjórðungsþing.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsþing og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningaári til sveitarstjórna skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

14. gr. Slit

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsþing samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

15. gr. Gildistökuákvæði

Samþykkt á 63. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2. maí 2018.

Þingskjal 4

Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

1. gr. Ársþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr. Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins.

3. gr. Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir eða láta rita í gerðabók gerðir þingsins og atkvæðagreiðslur og skal bókun lesin upp í þinglok, sé þess óskað. Heimilt er að færa þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingsskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4.gr. Kjörbréf fulltrúa skulu lögð fyrir þingið í upphafi þess, undirrituð af hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða framkvæmdastjóra hennar. Þingfundur kýs þriggja manna kjörbréfanefnd til að athuga kjörbréf fulltrúa í upphafi þings og leggur hún niðurstöður sínar fyrir fundinn til samþykktar eða synjunar.

5. gr. Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr. Í upphafi þings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir. Rísi ágreiningur um til hveðrar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar stjórnarkjör fer fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr. Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr. Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr. Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr. Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr. Þegar forseti vill taka þátt í umræðum viku hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr. Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í réttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr. Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr. Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr. Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og hátterni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr. Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr. Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

Þannig samþykkt á 55. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2010.

Þingskjal 5**3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA** Haldið 5. og 6. október
2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu árið 2019

FV & VFS

Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði og drögum að samningum milli Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) og Vestfjarðastofu (VFS) er gert ráð fyrir að Vestfjarðastofa annist rekstur skrifstofu fyrir FV og taki einnig að sér umsjón með Sóknaráætlun Vestfjarða. Eftirlit með framkvæmd samninga verði í höndum stjórnar og fjárhagsnefndar FV. Þetta yfirlit er samantekt á rekstri beggja eininga fyrir árið 2019.

Áherslur ársins 2019:

Rekstur skrifstofu: Hér er gert ráð fyrir rekstri stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga í áætlun FV en stjórn Vestfjarðastofu í áætlun fyrir Vestfjarðastofu. Allar nefndir aðrar en stjórn FV falla til innan áætlunar Vestfjarðastofu. Einnig þing og fundir sem haldnir eru fyrir FV af Vestfjarðastofu. Gera má ráð fyrir að stefnumótun taki drjúgan tíma árið 2019.

Heildarfjármagn: 47.700.000 frá Jöfnunarsjóði og sveitarfélögum auk tekna vegna útseldrar vinnu bókara. Greitt frá FV til Vestfjarðastofu skv. samningi en haldið eftir 1 mkr. hjá FV til að mæta kostnaði við tvo stjórnarfundi á ári. Stöðugildi: 2,3

Sóknaráætlun: Samningur um Sóknaráætlun er gerður milli Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og FV. Gert er ráð fyrir að samningur verði gerður við Vestfjarðastofu um alla umsjón og framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Eins og áður hefur komið fram er verkefnið íþyngjandi fyrir starfsemina og ekki hefur fengist heimild ráðuneytis til að auka fjármagn til reksturs og því sama upphæð til reksturs árið 2018 eins og árið 2015. Launahækkunar hafa verið miklar á tímabilinu almennt í samfélaginu og því verður farið fram á heimild til hækkunar fyrir árið 2019 þar sem greitt var með verkefninu um 6,5 milljónir árin 2017 og 2018. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að hækkun fái 10 milljónir í stað 8 til reksturs áætlunarinnar. Árið 2019 er síðasta ár núgildandi áætlunar og mun nokkuð mikill tími fara í árangursmat núverandi tímabils og gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2025 til viðbótar við aðra vinnu við framkvæmd Sóknaráætlunar.

Heildarfjármagn: 115.800.000 auk sérstaks framlags úr jöfnunarsjóði 4.700.000. Greitt frá FV til Vestfjarðastofu skv. samningi Skipting 2019: Styrkir 69.000.000; Áhersluverkefni 32.100.000; þróun & rekstur: 14.700.000 Stöðugildi: 1,5

Atvinnuþróun og nýsköpun: Gert er ráð fyrir að aðilaskipti verði á samningi við Byggðastofnun um atvinnuþróun og nýsköpun og að hann verði gerður beint við Vestfjarðastofu. Hluti verkefna ársins 2019 í atvinnuþróun og nýsköpun verða mótuð í málefnaþópum sem verið er að setja af stað haustið 2018. Að auki er stefnt að sókn í atvinnuþróun og nýsköpun á Vestfjörðum í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög með því meðal annars að skapa í sem flestum byggðakjörnum nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar og að efla þau setur sem fyrir eru. Sótt var um fjármagn til að bæta við verkefnum

3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA
2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Haldið 5. og 6. október

á sviði atvinnuþróunar í C1 pott vegna byggðaáætlunar. Annars vegar til að stofna Eldisklasa Íslands og hins vegar til að styðja við uppbyggingu og rekstur nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva. Ljóst verður í nóvember 2018 hvort stuðningur fæst til þessara verkefna. Auk þessa hefur verið sótt um framlag úr verkefni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins; Matarauður Íslands.

Auk þessa verður farið í verkefni sem stuðla að aukinni nýsköpun á svæðinu, fjölgun umsókna í stærri sjóði og með því að tengja betur náttúrutengdar rannsóknir, frumkvöðla og fjárfesta. Stefnt er einnig að samstarfi og stuðningi við sveitarfélög um mótun atvinnustefna þeirra.

Heildarfjármagn: 68.070.000 – Aðilaskipti verða gerð á samningi við Byggðastofnun og samningsaðili verði Vestfjarðastofa 41.270.000 – framlag sveitarfélaga greitt frá FV til Vestfjarðastofu skv. samningi 6.800.000. Óvissa er með 20.000.000 sem gert er ráð fyrir vegna verkefna sem sótt hefur verið um í C1 sjóð vegna byggðaáætlunar og verkefna tengdum Matarauði Íslands. Stöðugildi: 3,5

Byggðaðróun: Stærsta verkefni á vettvangi byggðaðróunar er tengt umhverfisvottun svæðisins, Brothættum byggðum í Árneshreppi og á Þingeyri. Að auki heyra undir sviðið hagsmunagæsla svæðisins, fjárhagsgreiningar og almenn tölfræði fyrir svæðið. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að verkefni tengd svæðisskipulagi og strandsvæðaskipulagi Vestfjarða verði fyrirferðarmikil.

Heildarfjármagn: 14.600.000. Aðilaskipti á samningi við Byggðastofnun um Brothættar byggðir 10,2 m, framlag sveitarfélaga greitt til Vestfjarðastofu skv. samningi 4.000.000 Stöðugildi: 1

Markaðsstofa & ferðapjónusta: Verkefni markaðsstofu hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og árið 2018 náðust samningar við Ferðamálastofu til þriggja ára. Annars vegar er fast framlag til reksturs skrifstofu og eftirfylgni áfangastaðaáætlunar og hins vegar framlög til fjögurra verkefna sem öll eiga sér stoð í áfangastaðaáætlun Vestfjarða; hringvegur 2, gerð ferðapakka, aukin stafræn geta ferðapjóna og til þróunar þorpa og bæja á svæðinu sem áfangastaða ferðamanna. Þessi verkefni auk markaðssetningar svæðisins, móttöku blaðamanna, viðveru á ferðasýningum og fleira verða verkefni markaðsstofunnar á árinu 2019. Málefnaþópur á sviði ferðapjónustu tekur til starfa haustið 2018 og eru nokkrar væntingar um að sá hópur auki og skerpi á beinu samstarfi við sveitarfélögin og atvinnugreinina á svæðinu.

Heildarfjármagn: 33.400.000 Stöðugildi: 2,5

Menningarmál: Á árinu 2019 er stefnt að gerð menningarstefnu Vestfjarða auk verkefna sem tengjast uppbyggingarsjóði og stuðningi við menningarstarfsemi á Vestfjörðum. Væntingar eru bundnar við að með gerð menningarstefnu verði skerpt á áherslum varðandi menningarmál á Vestfjörðum og að í aðgerðaáætlun þeirrar stefnu verði verkefni menningarfulltrúa mótuð með markvissum hætti. Verkefni menningarfulltrúa skarast nokkuð við Sóknaráætlun svo sem ráðgjöf og úthlutun úr uppbyggingarsjóði.

Heildarfjármagn: 9.900.000 Stöðugildi: 1

3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA
2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Haldið 5. og 6. október

Almenningssamgöngur: Á árinu 2018 rennur út samningur við Vegagerðina um almenningssamgöngur og er enn þegar þetta er skrifað óljóst hvernig verður með samninga ársins 2019 en vinna er í gangi milli landshlutasamtaka og ráðuneytis til að leysa úr málum. Beiðni hefur komið fram frá Vegagerðinni og samgönguráðuneytisins að samningur verði framlengdur um eitt ár og sá tími notaður til heildarendurskoðunar á fyrirkomulaginu. Í samningsdrögum er gert ráð fyrir um 41 milljón króna framlagi til reksturs og þróunar almenningssamgana og sú upphæð sett hér inn í áætlun en stefnt er að því að fá hækkun þess framlags.

Heildarfjármagn: 41.000.000 Stöðugildi: 0,2

Starfsmannamál: Starfsmenn Vestfjarðastofu eru nú alls 12 á fjórum starfsstöðvum. Tveir starfsmenn hafa starfsstöð á Hólmavík (annar hefur einnig aðstöðu á skrifstofu Reykhólahrepps), tveir starfsmenn voru ráðnir til eins árs á suðursvæði Vestfjarða með aðstöðu í Skor á Patreksfirði. Verkefna- og fjárhagsstaða ræður hvort báðir eða annar þeirra starfsmanna haldi áfram eftir 31. ágúst 2019. Einn starfsmaður er með starfsaðstöðu í Blábankanum á Þingeyri og var ráðinn til að sinna verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar sem er verkefni frá Byggðastofnun (Brothættar byggðir). Sjö starfsmenn starfa á skrifstofu á Ísafirði. Starfsmönnum er ekki skipað á svið heldur geta verkefni þeirra verið bæði á sviði atvinnuþróunar og byggðamála.

Önnur þingskjöl er að finna á vefslóð [63. Fjórðungsþing- haust | Vestfjarðastofa \(vestfirdir.is\)](https://www.vestfirdir.is)